

Einstefnuakstur verður á húsagötu Háaleitisbrautar frá húsinu nr. 14—18 í suðaustur að húsinu nr. 32—36 þar sem akbrautin mjókkar vegna gangbrautar. Að öðru leyti verður tvístefnuakstur á húsagötunni.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. janúar n.k. og fellur þá jafnframt úr gildi 1. töluliður auglýsingar um umferð í Reykjavík frá 2. janúar 1978.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. janúar 1979.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

- a. Á **Lækjarkinn** er einstefna frá suðri til norðurs.
- b. Umferð um **Lækjargötu** nýtur forgangs fyrir umferð um Lækjarkinn (biðskylda.)
- c. Umferð um **Arnarhraun** nýtur forgangs fyrir umferð vestur Tjarnarbraut (biðskylda.)
- d. Umferð um **Hraunbrún** nýtur forgangs fyrir umferð um Hraunvang (biðskylda.)

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 8. janúar 1979.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um heimilishjálpar á Selfossi.

1. gr.

Félagsmálaráð Selfoss fer með stjórn heimilishjálpar á Selfossi í umboði bæjarstjórnar.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpar á heimilum þegar sannað er með vottorði lækni, ljósmóður eða á annan hátt er félagsmálaráð eða félagsmálastjóri metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægjanlega margt starfslið til heimilishjálpar. Félagsmálastjóra ber að ganga örugglega úr skugga um að starfslið það sem heimilishjálpar stundar á vegum stofnunarinnar sé hæft til

starfsins, hafi t. d. lokið tilskildu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og sé ekki haldið smitandi sjúkdómum. Skal það leggja fram læknisvottorð. Um launakjör og hlunnindi starfsliðs heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

4. gr.

Bæjarsjóður Selfoss ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslið það er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín.

5. gr.

Félagsmálaráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skulu notendur greiða eftir gjaldskrá er bæjarráð setur að fengnum tillögum félagsmálaráðs og félagsmálastjóra og ráðherra staðfestir. Félagsmálaráð getur veitt eftirgjöf á greiðslum fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum félagsmálastjóra.

Félagsmálaráð setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað er það telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.

Félagsmálastofnun veitir heimilishjálpinni nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði, afnot áhalda svo og skrifstofustörf.

8. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs Selfoss.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Selfoss hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.